

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar, á fundi sínum þann 23. maí 2001.

Breyting felst í þéttingu byggðar norðan Háholts, sunnan og norðan Þverholts og austan Langatanga og norðan Bjarkarholts. Um er að ræða bæði íbúðarbyggð og verslunar- og miðbæjartengda starfsemi. Einnig er gert ráð fyrir byggingu kirkju sunnan Þverholts. Skipulagið nær einnig til tengibrautarinnar, Skeiðholts, frá Langatanga að Urðarholti.

Skipulagssvæðið afmarkast til suðurs af Háholti og norðan lóða við Bjarkarholt, til vesturs af Langatanga, til norðurs af byggð norðan Skeiðholts og til austurs sunnan íbúðarbyggðar við Urðar-, Njarðar- og Þverholt 2.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess falla úr gildi eldri deiliskipulög.

Mosfellsbæ, 27. júlí 2001.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.